

Nd.

623. Breytingartillögur

við frumvarp til hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar.

Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 1. gr. Fyrir »83000 — áttatíu og þrjú þúsund» —
komi: 62500 — sextíu og tvö þúsund og fimm hundruð — krónur.
2. — 1. — Aftan við greinina bætist: þó ekki fyr en á árinu 1916.
3. — 2. — Fyrir »167000«
komi: 187500 — eitt hundruð áttatíu og sjö þúsund og fimm hundruð — krónur.
4. — 4. — Í fyrstu málsgrein. Á eftir »sýslunefndar« komi: og stjórnarráðs.
5. — 4. — Í enda sömu málsgreinar komi: Þetta nær þó ekki til mannvirkja þeirra, sem heimilnð eru með leigusamningi milli stjórnarráðsins og Arents Claessens, dags. 31. janúar 1913.
6. — 10. — Fyrir orðin í enda fyrstu málsgre.: »og farmi þeirra« komi: svo og af farmi þeirra.
7. — 10. — Síðasta málsgrein orðist svo:
Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin gjöldum samkvæmt 1.—3. lið 10. gr.
8. — 11. — Í staðinn fyrir »lögðæslumaður« komi: sýslumaður, og sömu leiðis annarsstaðar í frumvarpinu.
9. — 14. — Fyrstu línu, fyrir »meiri« komi: meiri háttar.
10. — 15. — Orðin »nema brýn nauðsyn beri til« í enda greinarinnar falli burt.
11. — 16. — Önnur málsgrein orðist svo:
Reikningana skal endurskoða á sama hátt og sýslusjóðsreikninga, en úrskurða af stjórnarráðinu.